



*99. Aðalfundur LMFÍ
24. mars 2018*



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Dagskrá.....	3
Sala félagsvara á staðnum.	4
Skýrsla stjórnar.....	5
Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2017-2018	5
Stjórnarfundir	5
Kjaramál	5
Dómsmál	5
Fjárhagur félagsins	5
Námskeiðahald	5
Félagslíf.....	5
5. maí.....	5
Blaðið og Fylgjan	5
Smáforrit – app.....	6
Vefsíður félagsins.....	6
Eintaklingsmál.....	6
Félagsstarf og fundir.....	6
Twinning	6
NJF	6
ICM	6
EMA	6
Poppup á skrifstofu.....	7
BHM samstarf	7
Framundan.....	7
Þakkir	7
Reikningar og fjárhagsáætlun félagsins	8
Ársreikingur 2017	8
Fjárhagsáætlun félagsins	8
Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur.....	9
Tillaga að breyttum félagsgjöldum.	9
Breytt félagsgjöld	9
Tillaga til lagabreytinga	9
Gjald í ljósmeðrafélag	9
Skýrslur nefnda	11

Skýrsla ritnefndar	11
Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ.....	11
Skýrsla siðanefndar	11
Skýrsla siðanefndar LMFÍ.....	11
Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ	11
Ársskýrsla Ljósanna til Ljósmeðrafélags Íslands fyrir árið 2016.....	13
Stjórnar og nefndarkosningar	14

Dagskrá

- 1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis
- 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- 5) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur
- 6) Skýrslur nefnda/deilda
- 7) Stjórnar og nefndakosningar
- 8) Önnur mál

Sala félagsvara á staðnum.

Síðerma bolir – svartir/hvítir	1000 kr.
Afmælisbolli félagsins	1000 kr.
Barmmerki Ljósmæðrafélagsins	3000 kr.
Lausnarsteinar	1000 kr.
Barneignarþjónusta á Íslandi	500 kr.
Hinn gamli yfirsetukvennaskóli	3000kr.
Líf matreiðslubók	2500kr.
Akupunktur og tens	1500 kr.
Gamli bollinn	1000 kr.

Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2017-2018

Stjórnarfundir

Haldnir hafa verið 13 stjórnarfundir á starfsárinu.

Kjaramál

Gerðardómur rann út þann 31.08.17 og hefur félagið verið í kjaraviðræðum síðan að vísu með hléi eftir fall ríkisstjórnarinnar. Við klufum okkur út úr BHM samstarfinu þar sem ekkert var þar í boði sem kom til móts við kröfur ljósmeðra. Deilunni var vísað til ríkissáttasemjara þann 5. feb. s.l. Staðan er nú þannig að það er stál í stál. Við höfum hitt heilbrigðisráðherra, hrint af stað kynningarbylgju, safnað undirskriftum, skrifað greina og pistla á fb. sem hafa fengið mikla athygli. Einnig höfum við gert fb ramma og „cover“ myndir og margt fleira.

Við höfum líka staðið í ströngu á stofnunum og gert nýja samninga við LSH og HVE, annarsstaðar hefur lítið gengið.

Dómsmál

Ljósmeður unnu málið um vangoldin laun fyrir unna vinnu í verkfalli fyrir héraðsdómi í maí 2017. Ríkið áfrýjaði dómnum í september 2017 og hefur málið beðið afgreiðslu hæstaréttar síðan. Skv. lögmanni okkar Birni Bergssyni er dóms ekki að vænta fyrr en undir sumarfrí og jafnvel ekki fyrr en í haust.

Fjárhagur félagsins

Fjárhagur félagsins er með besta móti og eru skuldir engar.

Námskeiðahald

Félagið hefur staðið fyrir nokkrum námskeiðum í samstarfi við danska fyrirtækið Gynzone. Bæði hafa verið haldin masterclass námskeið í saumaskap í Reykjavík, Akureyri og á Selfossi og eins námskeið í pudental deyfingum. Hafa þessi námskeið verið vel sótt.

Einnig hafa verið haldin tvö nálastungunámskeið.

Í samstarfi við félag brjóstagjafaráðgjafa var haldinn fræðsludagur á Nauthól í haust sem var mjög vel sóttur og vel látinn.

Fyrir trúnaðarmenn var haldinn dagur í haust þar sem Eypór Eðvarðsson sálfræðingur mætti og ræddi um erfið samskipti.

Félagslíf

Skemmtinefnd félagsins hefur staðið í ströngu og stóð bæði fyrir vel heppnuðu kvennakvöldi og jólafundi, árshátið og fleiru.

5. maí

Var að venju haldinn á Nauthól. Við fengum fyrirlesara víða að úr samfélaginu og erlendis frá. Sérstakur gestur dagsins var Lesley Page þáverandi forseti RCM. Næst verður 5. maí haldinn á Akureyri í samstarfi við norðurlandsdeild LMFÍ.

Blaðið og Fylgjan

Félagið gaf út skv. venju tvö tölublöð Ljósmeðrablaðsins. Einnig gáfum við út Fylgjuna til tveggja ára.

Smáforrit - app

Nú er að koma út smáforritið Ljósan fyrir foreldra sem eiga barn í vændum. Appið er nú þegar komið í appstore og verið er að vinna í því að koma því í play store. Í undirbúningi er að gera app sem mun heita Fylgjan og er hugsað fyrir ljósmæður.

Vefsíður félagsins

Félagið rekur áfram tvær síður, annarsvegar ljosmodir.is og hinsvegar ljosmaedrafelag.is. Ljós móðir.is skilar okkur nokkrum tekjum. Félagssíðan er orðin gamaldags og er stefnt að því að poppa hana upp og gera hana nýtsamlegri fyrir ljósmæður.

Búið er að ráða vefstjóra í verktöku til að hafa umsjón með báðum síðum og samfélagsmiðlaátaki sem félagið hyggst ráðast í. Félagið er nú þegar komið á snapchat og instagram og fékk strax fjölda fylgjenda.

Eintaklingsmál

Fjöldi einstaklingsmála hefur verið svipaður og 2017 eða um 20 mál.

Félagsstarf og fundir

Við vorum með ljósmæðrakaffi á vorönn í fyrra sem gafst vel en ekki hefur gefist tækifæri til að endurverkja það en það er á döfinni að reyna að endurverkja það. Einnig hefur verið haldinn kynningarfundur um rafræna skráningu og tveir félagsfundir um kjaramál.

Twinning

Félagið hefur síðan í okt. 2016 staðið í viðræðum við hollenska ljósmæðrafélagið um samstarfsverkefni eða twinning eftir twintowin hugmyndafræðinni. Þetta hefur ekki verið gert áður milli félaga sem standa nokkurnveginn jafnvíg. Áður hefur twinning gengið út að vestræn lönd og vanþróaðri lönd hafa twinnað saman. Umsjónarmaður verkefnisins og aðal twinning sérfræðingur er Franka Cadeé sem jafnframt er forseti ICM. Edythe Mangindin hefur verið ráðinn verkefnisstjóri Íslandsmegin. Það verða einnig 14 íslenskar ljósmæður sem fá tækifæri til að taka þátt í þessu verkefni og er verið að ganga frá því núna. Vegna mikils fjölda umsókna verða þátttakendur nokkuð fleiri en til stóð í upphafi.

Franka og Liselotte Kweekel sem er hollenski verkefnistjórinn komu og heimsóttu félagið í janúar og fóru einnig og skoðuðu LSH og HSU og voru mjög hrifnar. Hollenska félagið hefur einnig óskað eftir því að fá íslenska ljósmóður sem gestafyrirlesara á ráðstefnudag þeirra til að ræða um hvernig halda eigi fæðingum eðlilegum innan sjúkrahúsa. Anna Sigríður Vernharðsdóttir mun fara og fræða þær hollensku.

NJF

Hildur Kristjánsdóttir er forseti NJF og hefur LMFÍ tekið þátt í því starfi sem þar hefur farið fram. Hildur sendi fyrir hönd NJF sameiginlegt bréf til stunings Agnesi Geréb sem er unversk ljósmóðir og lækni sem setið hefur í fangelsi í mörg ár fyrir sín störf. Vinna við næstu NJF ráðstefnu sem haldin verður héraendis gengur vel og hefur nú verið sent út kall eftir abstöctum. Félaginu bauðst að tilnefna fulltrúa sinn í ritstjórn norræna vísindaritsins SRHC og tók Dr. Sigríður Inga Karlsdóttir það að sér.

ICM

Félagið átti fulltrúa á miðstjórnarfundi ICM í Kanada í sumar. Allmargar íslenskar ljósmæður sóttu ráðstefnuna og voru með erindi og/eða veggspjöld. Ísland mun halda næsta Evrópufund ICM og verður hann í kjölfar ráðstefnunar 2019. Búið er við um 50 þátttakendum frá Evrópu.

EMA

Félagið átti fulltrúa á miðstjórnarfundi EMA. Þar er fylgst með twinning verkefninu af áhuga og munum við verða með sameiginlega kynningu ásamt hollendingum á næsta EMA fundi í okt. 2018.

Poppup á skrifstofu

Félagið seldi Fræðagarði smávegis búi af sameigninni sem við áttum á hæðinni í Borgartúni 6. Fyrir þá peninga réðumst við í endurnýjun á skrifstofu. Við endurnýjuðum tölvubúnað og keyptum ný skrifborð og er skrifstofnan öll orðin nútímalegri og þægilegri vinnustaður.

BHM samstarf

BHM samstarf hefur verið skv. venju. Við höfum tekið þátt í öllu því starfi þar sem okkur hefur varðað. Formaður átti sæti í vinnuhóp um hugsanlegar breytingar á launatöflum sem lagðar voru fram í kjaraviðræðum en ekki samþykktar.

Framundan

Það er mjög mikið á döfinni. Afmæli félagsins nálgast nú óðfluga og er hafinn undirbúningur að hátíðahöldum v. þess. Gefin verður út bók og einnig nýtt ljósmæðratal og er undirbúningur löngu hafinn og mun nú verða með meiri þunga þegar nær líður.

Á sama tíma er NJF ráðstefnan og þar mun einnig færast meiri þungi í undirbúning., einnig erum við farnar að huga að Evrópufundi ICM í maí 2019.

Twinning verkefnið byrjar formlega nú í apríl.

Kjaraviðræður eru í fullum gangi og er samið til stutts tíma þannig að það verða aftur kjaraviðræður næsta vor.

Stofnanasamningar þurfa yfirferð á öllum stofnunum. Ljósmæður hafa dregist aftur úr og það verður að laga.

5. maí ráðstefna verður haldin á Akureyri að þessu sinni og auk þess verður haldið upp á 50 ára afmæli norðurlandsdeildarinnar við sama tækifæri.

Nálastungunámskeið er nú á vorönn.

við eru með námskeið í huga fyrir haustönn sem skýrast betur síðar.

Við erum að reyna að nútímavæða félagið með öppum, lagfæringum á heimasíðum og þátttöku á samfélagsmiðlun og sú vinna er byrjuð og mun halda áfram.

Þakkið

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim ljósmæðrum og öðrum sem starfað hafa fyrir félagið á síðasta ári og einnig þeim sem hafa látið sig málefni félagsins varða, haft samband og komið með ábendingar.

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ

Áslaug Valsdóttir, formaður.

Reikningar og fjárhagsáætlun félagsins

Ársreikningur 2017

Fjallað verður ítarlega um kostnaðarliði á aðalfundi.

Aukatekjur af félagsgjöldum vor settar inn á Þórdísarsjóð (verkfalls- og kjarabaráttusjóðinn) og Brekkusjóð (varasjóðinn). Eins og aðalfundarsamþykktir fyrri ára kveða á um.

Farið yfir niðurstöðu endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga

Ársreikning er að finna í viðhengi

Fjárhagsáætlun félagsins

Þar sem fjárhagsáætlun er byggð á ársreikningi síðasta árs. náðist ekki að klára fyrir útsendingu en hún mun koma á netið sem fyrst.

Fjárhagsáætlun byggir á ársreikningi frá 2017 um sama kostnað, föstum liðum verðu ekki breytt

Áfram áhersla á að safna í Þórdísarsjóð og Brekkusjóð.

Mikil áhersla er á sparnað hjá félaginu áfram til að það muni standa á traustum fjárhagslegum fótum til framtíðar.

Áfram mun verða aukatekjur af félagsgjöldum settar inn á Þórdísarsjóð samkv aðalfundarsamþykkt 2016.

Fjárhagsáætlun er að finna í viðhengi

16. mars 2018

Inga Sigríður Árnadóttir, gjaldkeri LMFÍ

Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur.

Tillaga að breyttum félagsgjöldum.

Breytt félagsgjöld

Stjórn LMFÍ leggur til að félagsgjöld lækki úr 1.55% af heildarlaunum í 1.45% af heildarlaunum. Félagsgjöld verði endurskoðuð að ári liðnu og stefnt að frekari lækkun þá.

Tillaga til lagabreytinga

Gjald í ljósmæðrafélag

Við undirritaðar óskum eftir breytingu á því af hvaða hluta launa ljósmæður greiða til ljósmæðrafélagsins þar sem við teljum óeðlilegt að greitt sé af vinnu umfram vinnuskyldu, þ.e.a.s. bakvöktum og yfirvinnu.

Í dag, febrúar 2018, greiðum við 1,55% af heildarlaunum í gjöld til Ljósmæðrafélagsins.

Þegar ákveðið var á sínum tíma að reiknuð skyldi prósentu af heildarlaunum voru rökin sú að óeðlilegt sé að dagvinnufólk borgi alltaf af öllum sínum launum meðan að vaktavinnufólk borgi eingöngu af hluta af sínum tekjum. Við erum sammála því að eðlilegt sé að fólk greiði að fullu fyrir þann hluta launa sem skapast útaf hefðbundinni vinnu (173 tímar í 100% o.s.frv.) og þá þar með vaktaálagið sem með fylgir. Aftur á móti finnst okkur með öllu óeðlilegt að þær ljósmæður sem vinna umfram vinnuskylduna sína, ýmist með yfirvinnu eða bakvöktum, séu að greiða af því til félagsins.

Máli okkar til stuðnings viljum við benda á að þegar ljósmæður sækja styrki í sjóði BHM þar sem litið er til vinnuframlags þá er eingöngu horft til starfshlutfalls en ekki unninna tíma. Þ.e.a.s. ljósmóðir sem er í 80% starfshlutfalli fær t.d. aðeins 80% fæðingarstyrk eða 80% sjúkradagpeninga, algerlega óháð því hvort hún hafi unnið að meðaltali 173 tíma eða 138 tíma undanfarna mánuði og eða ár.

Við teljum þetta fyrirkomulag bitna hvað mest á ljósmæðrum sem búa við hvað mesta undirmönnun á sínum stofnunum þannig að ljósmæður sem þurfa að vinna mikla yfirvinnu vegna undirmönnunar þurfa að greiða mun meira til félagsins en þær sem hafa fengið að vinna eingöngu sinn vinnudag. Einnig teljum við að þetta skapi óeðlilegan landsbyggðarskatt. Það er að segja, við teljum að þetta bitni verr á okkur sem vinnum á fæðingardeildunum í Neskaupstað og á Ísafirði.

Í því sambandi væri líka ekki úr vegi að benda á að landsbyggðarljósmæður fá á vissan hátt minna fyrir peningana þar sem ljósmóðir í Reykjavík sem fer á námskeið svo sem ALSO nær að greiða það eingöngu með BHM styrknum sínum en við eigum þá eftir að fjármagna flug, gistingu og bíl á staðnum. Eins eru landbyggðarljósmæður mun sjaldnar í aðstöðu til að nýta sér ókeypis fræðslu hjá félaginu vegna vegalengda. Að auki hefur lítið farið fyrir því að BHM/Ljósmæðrafélagið hafi komið að gerð stofnanasamninga, þó þar verði vonandi bráðum bragarbót á. Þannig, að þó að við svo sannarlega kostum félagið jafnmikið, þá borgum við því meira og fáum minna sjálfar til baka frá því.

Til að sýna svart á hvítu hversu íþyngjandi þetta er raunverulega fyrir okkur langar okkur að benda á að núna í síðustu útborgun (1. febrúar 2018) vorum við að borga á bilinu 13500-

21500 af 80-100% vinnu og þar af var á bilinu 4300 - 12350 kr vegna unninnar yfirvinnu og bakvakta

Því förum við fram á að það verði tekið fyrir á aðalfundi Ljósmeðrafélagsins 2018 að gjald til Ljósmeðrafélagsins verði eingöngu tekið af launum sem skapast vegna fasts starfshlutfalls og vaktaálagi en ekki þeirri vinnu sem er umfram það.

Kveðja, Oddný Ösp Gísladóttir, Jónína Salný Guðmundsdóttir, Ingibjörg Birgisdóttir, Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir og Erla Rún Sigurjónsdóttir ljósmeður á fæðingardeildum Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Neskaupstað og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði.

Skýrslur nefnda

Skýrslur hafa ekki borist frá öllum nefndum- og deildum.

Skýrsla ritnefndar

Skýrsla hefur ekki borist.

Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ

Sjóðanefnd hélt einn fundi haustið 2017

Á úthlutunarfundi í nóvember

Rannsóknar- og þróunarsjóður er enn að veita styrki sem þegar var búið að úhluta: Bárust tvær umsóknir um framlengingu á fresti um 6 mánuði. Frestur var veittur um 6 mánuði til að klára þau verkefni sem áttu inni styrki áður en honum er lokað. Ekki munu berast frekari tekjur inn á þennan sjóð nema vaxtatekjur. Búist verður við því að reikning verði lokað og sjóður uppgerður í júní 2018

Míningarsjóður Jóhönnu Hrafnfjörð. Barst ein umsókn og var útlhlutað einum styrk að upphæð 80051kr.

16.mars. 2018

Inga Sigríður Árnadóttir, formaður sjóðanefndar og gjaldkeri LMFÍ

Skýrsla síðanefndar

Skýrsla síðanefndar LMFÍ

Frá síðanefnd er ekkert að fréttu. Nefndinni bárust engin erindi á síðasta starfsári.

Með kærri kveðju,
Birna Gerður

Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ

Akureyri 4.febrúar 2018

Samantekt á starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélags Íslands árið 2017.
Tekið saman fyrir aðalfund Ljósmeðrafélags Íslands 2018.

Aðalfundur Norðurlandsdeildar var haldin þann 12. maí 2017. Upphaflega var ætlunin að halda fundinn í Skagafirði en sökum veðurs varð að breyta áformum og var fundurinn því haldinn í heimahúsi á Akureyri. Fimmtán félagsmenn mættu til fundarins.

Hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram og urðu meðal annars breytingar á stjórn félagsins. María Egilsdóttir og Ingibjörg H. Jónsdóttir létu af störfum og tóku Tinna Jónsdóttir og Kristín Hólm Reynisdóttir við af þeim.

Núverandi stjórn skipa:

Birgitta Níelsdóttir, formaður

Tinna Jónsdóttir, varaformaður

Hrafnhildur Ævarsdóttir, gjaldkeri

Kristín Hólm Reynisdóttir, ritari

María Bergþórsdóttir, meðstjórnandi

Meðal annara mála sem rædd voru á fundinum og stóð hvað helst uppúr var að Sigfríður Inga flutti kveðju frá Áslaugu formanni Ljósmeðrafélags Íslands þar sem hún bauð að Norðurlandsdeildin myndi halda hina árlegu ráðstefnu á alþjóðadegi ljósmeðra þann 5. maí. Norðankonur tóku þeirri bön fagnandi þar sem að á árinu 2018 er 50 ára afmælishátíð Norðurlandsdeildarinnar. Ákveðið var að flétta afmælishátíðina við ráðstefnuna og fór strax af stað hugmynda- og undirbúningsvinna sem og skipun í nefndir tengdar þessu.

Ásrún Jónsdóttir ljósmóðir sagði frá meistaraverkefni sínu sem fjallaði um upplifun feðra af heimaþæðingum. Það þótti mjög áhugavert og spunnust upp skemmtilegar umræður í kjölfarið. Að sjálfsgöðu voru veitingar í hávegum hafðar, eins og venja er þegar ljósmeður hittast. Smáréttir, hnallþóra og konfekt að þessu sinni. Að lokum var svo óvænt söngatriði frá ungri og upprennandi söngkonu. Eftir að fundi var slitið var setið áfram og spjallað.

Undir lok árs hélt Norðurlandsdeildin sinn árlega adventufund eða þann 7. desember 2017. Fundurinn var haldinn á veitingastaðnum Múlabergi og mættu fimmtán félagar til fundarins. Rætt var um undirbúning afmælishátíðar og ráðstefnu sem komin var á fullt skrið. Borðaður var ljúffengur matur og mikið spjallað. Skipst var á jólapökkum eins og siður er, en að þessu sinni var þema í gjöfunum. Þemað var, heimagerðar gjafir, ljósmeðrum til mismikillar ánægju. Gjafirnar komu þó skemmtilega á óvart og var mikið hlegið.

Vilborg Þórarinsdóttir, félagsráðgjafi kom og hélt erindi. Hún er fyrrverandi félagsráðgjafi á Sjúkrahúsinu á Akureyri en starfar nú sem forstöðumaður barnaverndar hjá Akureyrarbæ. Hún sagði okkur bæði frá starfi sínu á SAK og núverandi starfi. Erindið var ákaflega fróðlegt og spruttu fram óteljandi spurningar.

Auk þessara tveggja funda var haldinn einn stjórnarfundur og þess á milli áttu samskipti stjórnarmeðlima sér helst stað í gegnum samskiptaforrit, tölvupósta og einnig símaleiðis. Að lokum langar okkur í Norðurlandsdeild Ljósmeðrafélagsins að hvetja ykkur elsku ljósmeður til þess að fjölmenna norður til okkar í byrjun maí. Skipulagning og undirbúningur er á fullu og lofum við metnaðarfullri og áhugaverðri dagskrá. Síðast en ekki síst lofum við dásamlegri helgi uppfullri af hlátri, gleði og samverustundum með frábærum vinkonum.

Með bestu kveðjum til allra á aðalfundi LMFÍ,

f.h. stjórnar,

Kristín Hólm Reynisdóttir, ritari NLFMÍ

*Ársskýrsla Ljósanna til Ljósmeðrafélags Íslands fyrir
árið 2016*

Skýrsla hefur ekki borist.

Stjórnar og nefndarkosningar

Stjórn og nefndir Ljósmeðrafélags Íslands starfsárið 2018 til 2019

Uppstillingarlisti hefur ekki borist að svo stöddu